

## Árshlutareikningur Garðabæjar janúar – júní 2023

### Minnisblað

#### Niðurstaða:

Samkvæmt 6 mánaða uppgjöri Garðabæjar er niðurstaða A- hluta neikvæð sem nemur -1.038 og niðurstaða A og B hluta neikvæð sem nemur -672 m.kr.

Rekstrartekjur nema 134 m.kr umfram áætlun og rekstrargjöld fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld nema 653 m.kr. umfram áætlun.

Tekjufærðar eru 787 m.kr. sem byggingarréttargjöld eða helmingur af áætlun ársins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nema 470 m.kr. umfram áætlun.

#### Sérstakar skýringar:

Á fundi bæjarráðs 11. júlí 2023 voru samþykkt tilboð í byggingarrétt lóða í 1. áfanga á Hnoðraholti sem nemur um 2.000 m.kr. Aukning á byggingarréttargjöldum nema því að fjárhæð 1.200 m.kr. frá uppgjörsgæði. Áform er um að auglýsa úthlutun og sölu byggingarréttar lóða í 2. áfanga á Hnoðraholti í haust.

Kjarasamningar voru gerðir á vordögum og laun greidd skv. þeim fyrir júní með afturvirkni til áramóta og til viðbótar almennum launahækkunum kom í mörgum tilfellum til eingreiðslu.

Hluti annars rekstrarkostnaðar er einnig háður launabreytingum vegna samninga Garðabæjar við einkarekna leik- og grunnskóla.

Fyrirhugað er að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins vegna launa og þá verður varasjóður að fjárhæð 400 m.kr. samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun ráðstafað til að mæta auknum launakostnaði vegna nýrra kjarasamninga.

Á fundi bæjarráðs sem haldinn var 22. ágúst 2023 var viðauka við fjárhagsáætlun ársins að fjárhæð 340 m.kr., vegna kostnaðarauka á fjölskyldusviði og fræðslu- og menningarsviði, vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Í árshlutauppgjörinum eru ekki færðar til tekna gatnagerðartekjur vegna nýrra hverfa.

Í árslok fer fram mat á stöðu gatnagerðartekna í einstaka hverfum og ákvörðun tekin um tekjufærslu á grundvelli stöðu framkvæmdakostnaðar.

Á árinu 2022 voru tekjufærðar 53 m.kr. vegna gatnagerðartekna.

Líklegt er að tekjufærslur vegna gatnagerðartekna fari hækkandi á þessu og næstu árum.

Verðbólga hefur verið að mælast um 10% á fyrri hluta árs 2023, sem er umfram forsendur fjárhagsáætlunar og hefur það veruleg áhrif á gjaldfærslu fjármagnsgjalda.

#### Þróun tekna í rekstrarreikningi varðandi byggingarétt og gatnagerðartekjur.

	2018	2019	2020	2021	2022
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Gatnagerðartekjur	406	250	321	395	54
Byggingarréttur	0	98	1.094	1.208	3.670

#### Íbúafjölgun og aukning stöðugilda

	2018	2019	2020	2021	2022
	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.	m.kr.
Stöðugildafjölgun	48	16	46	49	50
Fjölgun íbúa milli ára	579	641	752	732	478